

Héraðsdómur Reykjavíkur

Dómur 29. janúar 2024

Mál nr. E-125/2023:

A

(*Arnar Vilhjálmur Arnarsson lögmaður*)

gegn

Verði tryggingum hf.

(*Magnús Hrafn Magnússon lögmaður*)

Dómur

Mál þetta, sem dómtekið var 5. desember 2023, var höfðað 20. desember 2022 af hálfu A á hendur Verði tryggingum hf., Borgartúni 19 í Reykjavík, til greiðslu fullra skaðabóta auk vaxta og málskostnaðar vegna umferðarslyss.

Stefnandi krefst þess aðallega að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 26.610.549 krónur með 4,5% vöxtum af 24.582.806 krónum frá 2. febrúar 2019 til 18. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 25.110.549 krónum frá þeim degi til 20. desember 2022, en af 26.610.549 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 324.470 krónur þann 30. mars 2020, 8.032.830 krónur þann 2. apríl 2020 og 165.000 krónur þann 26. október 2021.

Til vara krefst stefnandi þess að stefnda verði gert að greiða honum skaðabætur að fjárhæð 17.421.446 krónur með 4,5% vöxtum af 15.393.703 krónum frá 2. febrúar 2019 til 18. nóvember 2021, en með dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr., sbr. 9. gr., laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu af 15.921.446 krónum frá þeim degi til 20. desember 2022, en af 17.421.446 krónum frá þeim degi til greiðsludags, allt að frádregnum innborgunum að fjárhæð 324.470 krónur þann 30. mars 2020, 8.032.830 krónur þann 2. apríl 2020 og 165.000 krónur þann 26. október 2021.

Þá krefst stefnandi þess að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað að skaðlausu samkvæmt málskostnaðaryfirliti, að teknu tilliti til virðisaukaskatts, líkt og málið væri eigi gjafsóknarmál.

Stefndi krefst þess aðallega að vera sýknaður af kröfum stefnanda. Til vara krefst stefndi þess að dómkröfur stefnanda verði lækkaðar verulega. Í báðum tilvikum krefst stefndi málskostnaðar að skaðlausu að mati dómsins.

Yfirlit málsatvika og ágreiningsefna

Stefnandi slasaðist í umferðarslysi [...] 2018 er hann ók bifreiðinni [...] af vinstri akrein yfir á þá hægri á Reykjanesbraut við Vífilsstaðaveg. Ökutækið var tryggt lögboðinni slysatryggingu ökumanns hjá stefnda.

Stefnandi hafði áður lent í umferðarslysi, [...] 2012, og mun hann hafa sótt bætur til annars váttryggjanda vegna þess. Í matsgerð sem stefnandi aflaði einhliða, dags. 21. febrúar 2020, voru afleiðingar beggja slysa metnar. Varanleg örorka hans vegna síðara slyssins, sem mál þetta snýst um, var metin 20% og varanlegur miski 19 stig. Fullnaðaruppgjör af hálfu stefnda fór fram á grundvelli þessa örorkumats þann 1. apríl 2020. Af hálfu stefnanda voru gerðar kröfur um frekari skaðabætur úr hendi stefnda með bréfi, dags. 18. október 2021, á þeim grundvelli að forsendur að baki fyrra uppgjóri væru rangar og leiddu til of lágra bótagreiðslna. Voru gerðar athugasemdir við fjóra bóталиði, varanlegan miska, varanlega örorku, sjúkrakostnað og annað fjártjón. Stefndi féllst á hækkun bóta fyrir varanlegan miska um 6 miskastig og jók þátttöku sína í kostnaði af öflun matsgerðar í 50%, en öðrum kröfum stefnanda um frekari bætur var hafnað. Stefndi telur að tjón stefnanda hafi verið að fullu bætt.

Stefnandi telur tjón sitt ekki vera að fullu bætt og um þetta snýst ágreiningur aðila. Stefnandi vísar einkum til þess að bætur vegna varanlegrar örorku hefðu ekki átt að miðast við þau lágmarksviðmiðunarlaun sem lögð voru til grundvallar í uppgjörinu. Rétt hefði verið að miða við að hann hefði getað haft 800.000 króna laun á mánuði í vinnu við [...], sem hann hafi kosið að starfa við, eða til vara að miða við þær tekjur sem hann hafi haft launaárið 2016, þegar hann vann við [...].

Stefnandi hætti skólagöngu eftir grunnskóla og hefur frá þeim tíma unnið ýmis störf, meðal annars við [...]. Stefnandi kveðst hafa verið byrjaður á námssamningi í [...] þegar hann lenti í fyrra slysinu árið 2012. Hann hafi ætlað að klára raunfærnimat á sviði [...] og [...] en ekki látið verða af því vegna heilsufars síns eftir slysin. Þegar síðara slysið varð var hann [...] ára gamall og hafði ekki stundað fulla vinnu frá fyrra slysi. Stefnandi kveðst nýlega hafa stofnsett eigið fyrirtæki á sviði [...] og [...] þegar síðara slysið varð.

Við aðalmeðferð málsins kom stefnandi fyrir dóm og gaf skýrslu og fyrrum eiginkona hans, B, bar þar vitni. Þá bar vitni um síma C endurhæfingar- og verkjalæknir.

Málsástæður og lagarök stefnanda

Stefnandi kveðst byggja kröfu sína um fulla greiðslu skaðabóta fyrst og fremst á XIII. kafla þágildandi umferðarlaga nr. 50/1987, á ákvæðum skaðabótalaga nr. 50/1993 og á meginreglum skaðabótaréttarins, auk laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Stefnda sé skylt á grundvelli þeirra reglna að bæta stefnanda allt líkamstjón hans vegna slyssins [...] 2018 úr slysatryggingu ökumanns ökutækis [...], en stefndi hafi tryggt ökutækið í samræmi við 92. gr. laga nr. 50/1987. Óumdeilt sé að líkamstjón stefnanda

vegna umferðarslyssins sé bótaskyld úr slysatryggingunni. Sú skaðatrygging leiði af sér rétt fyrir tjónþola til fullra bóta í samræmi við ákvæði skaðabótalaga.

Fyrirliggjandi matsgerð hafi aldrei verið mótmælt af hálfu stefnda, sem hafi þegar greitt skaðabætur samkvæmt niðurstöðum hennar vegna slyssins. Ágreiningur sé um það hvaða árslaun skuli lögð til grundvallar við útreikning bóta vegna varanlegrar örorku og auk þess um það hvaða sjúkrakostnað og framtíðarsjúkrakostnað stefnda beri að bæta stefnanda vegna slyssins.

Í fyrra uppgjöri aðila hafi stefndi byggt á lágmarksárslaunaviðmiði samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993. Það hafi verið í ósamræmi við kröfur stefnanda og gerður hafi verið skýr og ótvíráður fyrirvari vegna þessa við uppgjörið. Sjúkrakostnaður stefnanda hafi ekki verið bættur að fullu þar sem aldrei hafi verið greitt vegna framtíðarsjúkrakostnaðar stefnanda, en sá réttur hans leiði skýrlega af matsgerð málsins og gögnum öllum. Skilyrði um orsakatengsl og sennilega afleiðingu séu uppfyllt í málinu enda sé líkamstjón stefnanda allt, sem kröfur hans leiði af, sannanlega að rekja til slyssins [...] 2018. Það tjón sem hann hafi orðið fyrir sé í senn sennileg og líkleg afleiðing af þeim árekstri.

Stefnandi byggir kröfur sínar á 1.–7. og 16. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Aðalkrafan að því er varðar bætur vegna varanlegrar örorku byggist á 5.–7. gr. laganna. Samkvæmt fyrirliggjandi matsgerð telji matsmenn varanlega örorku stefnanda vegna slyssins vera 20%. Aldursstuðull stefnanda á degi stöðugleikapunnts samkvæmt 6. gr. laganna sé 11,483. Aðilar hafi verið sammála í fyrra uppgjöri um hvoru tveggja og sé það óumdeilt.

Stefnandi byggir á því að skilyrði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga séu uppfyllt, eins og skýra beri ákvæðið með hliðsjón af lögskýringargögnum. Því beri að fallast á að óvenjulegar aðstæður hafi verið á viðmiðunartímabilinu og að annar mælikvarði sé réttari um líklegar framtíðartekjur stefnanda. Aðalkrafa og varakrafa stefnanda um bætur vegna varanlegrar örorku séu samhljóða að frátöldu því hvaða árslaunaviðmið beri að nota við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku.

Aðalkrafan byggist á því, í samræmi við matsgerð, að horfa verði til þess að stefnandi hafi mikla reynslu af og þekkingu á [...] og [...]. Eftir fyrra slysið 2012 hafi tekið við langt bataferli en því hafi loks lokið með [...]aðgerð í nóvember 2017. Læknisfræðileg gögn og matsgerð styðji það að stefnandi hafi náð góðum framförum eftir það slys og verið að auka í sífellu við atvinnuþátttöku sína. Hann hafi stofnað fyrirtæki sem sérhæft hafi sig í [...] og [...], D ehf., og hafi verið kominn með mörg stór verkefni sem hann hugðist hefja af fullum krafti í októberlok 2018. Áður en til þess hafi komið hafi síðara slysið orðið, þann [...] 2018. Stefnandi hafi framan af reynt að láta reksturinn ganga þrátt fyrir að hafa ekki heilsu til að sinna verkefnum sjálfur. Hann hafi ráðið nokkra ófaglærða og reynslulausa aðila til að sinna störfunum undir sínum fyrirmælum og leiðbeiningum, enda hefði hann ekki getað greitt sérfræðingi í [...] með

reynslu til að gera það á þessum tíma. Þrátt fyrir reynsluleysi í starfinu hafi launagreiðslur til starfsmannanna verið á bilinu 580.000 krónur til 770.000 krónur á mánuði, sem endurspeglir eðlileg laun ófaglærðra og óreyndra í starfinu. Þar sem um tiltölulega fámenna starfsstétt sé að ræða sé upplýsingar um meðaltekjur [...] ekki að finna. Með sína þekkingu í faginu og reynslu hefði stefnandi að lágmarki haft 800.000 krónur í laun á mánuði hjá öðru [...]fyrirtæki og enn hærri tekjur ef hann hefði starfað á eigin vegum eins og hann hafi stefnt að fyrir slysið 2018.

Á viðmiðunartímabili samkvæmt 1. mgr. 7. gr. laga nr. 50/1993 hafi aðstæður verið óvenjulegar þar sem nýlokið hafi verið meðferð vegna slyss frá 2012. Óréttmætt sé að miða framtíðartekjur hans við það þriggja ára tímabil. Stefnandi hafi þá búið við skerta vinnugetu sem hafi haft áhrif á tekjuöflunargetu hans og þar af leiðandi tekjurnar. Sú ákvörðun stefnda að miða við lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga gangi í berhögg við lögskýringargögn með 2. mgr. 7. gr. laganna. Sanngjarn viðmið árslauna hans miðað við batahvörf væri með réttu 9.600.000 krónur á ári, sem að viðbættu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð hefðu samsvarað 10.704.000 krónum á ári. Bætur fyrir varanlega örorku hefðu því með réttu átt að nema 24.582.806 krónum (10.704.000 x 0,2 x 11,483). Til frádráttar bótum fyrir varanlega örorku komi áður greiddar bætur í fyrra uppgjöri vegna þessa bóталиðar að fjárhæð 7.691.313 krónur, auk 4,5% vaxta til greiðsludags, að fjárhæð 341.517 krónur, samtals 8.032.830 krónur.

Þá eigi stefnandi rétt á því að fá sjúkrakostnað sinn bættan að fullu, bæði útlagðan kostnað sinn og hæfilegar bætur vegna framtíðarþarfar hans á sjúkrahjálfun. Við uppgjör vegna tjónsins hafi stefndi einungis greitt helminginn af kostnaði tveggja af þremur matsmönnum. Stefndi hafi svo fallist á að greiða einnig helming kostnaðar þriðja matsmannsins og hafi þannig greitt samtals 50% af kostnaði matsgerðarinnar. Stefndi hafi réttlætt það með því að matsgerðin varðaði tvö slys og einungis annað þeirra væri bótaskyldt hjá honum, en þeirri nálgun mótmæli stefnandi. Nauðsynlegt hafi verið að láta meta sérstaklega hvort einhverja áverka stefnanda á matstíma væri að rekja til fyrra slyss, til þess að unnt væri að komast að nákvæmri niðurstöðu um hvaða áverkar hafi hlotist í slysinu [...] 2018, enda hafi sum áverkasvæði verið þau sömu í báðum slysum. Hefði vafi leikið þar á hefði það getað ónýtt matsgerðina þannig að hún yrði of óskýr að þessu leyti til að á henni yrði byggt við uppgjör milli aðila. Þannig hafi stefndi jafnt sem stefnandi notið góðs af þessari nálgun sem verið hafi bæði réttmæt og nauðsynleg í ljósi aðstæðna. Kostnaður vegna matsgerðarinnar í heild sinni hafi verið 1.055.486 krónur og geri stefnandi því áfram kröfu um að stefnda verði gert að greiða sér þá fjárhæð að fullu, að teknu tilliti til innborgunar vegna sjúkrakostnaðar stefnanda að fjárhæð 324.470 krónur þann 30. mars 2020 og 165.000 krónur þann 26. október 2021.

Samkvæmt matsgerð hafi stefnandi framtíðarþörf á sjúkrahjálfun. Krafa um bætur fyrir sjúkrakostnað, líkt og um sjúkrakostnað almennt, styðjist við 1. gr. laga nr.

50/1993. Samkvæmt dómaframkvæmd Hæstaréttar beri að bæta framtíðarsjúkrakostnað ef sannað sé að slíkur kostnaður teljist til nauðsynlegra útgjalda tjónþola til að halda heilsu sinni í horfinu. Það sé fullsannað í fyrirliggjandi matsgerð og gerð sé krafa um skaðabætur að álitum að fjárhæð 1.500.000 krónur. Með hliðsjón af atvikum öllum, aldri og væntanlegri greiðsluþátttöku stefnanda á móti sjúkratryggingum þyki sú fjárhæð sanngjörn og ekki úr hófi.

Samkvæmt því sundurliðist aðalkrafa stefnanda sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku.....kr. 24.582.806,-

Bætur vegna sjúkrakostnaðar..... kr. 527.743,-

Bætur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar..... kr. 1.500.000,-

Samtals fyrir frádrátt: kr. 26.610.549,-

Til frádráttar komi:

Innborgun þann 30. mars 2020..... - kr. 324.470,-

Innborgun þann 2. apríl 2020..... - kr. 8.032.830,-

Innborgun þann 26. október 2021..... - kr. 165.000,-

Aðalkrafa samtals: kr. 18.088.249,-

Varakrafa stefnanda byggist á sömu forsendum og aðalkrafan að frátöldu því hvaða árslaun miða skuli við samkvæmt 2. mgr. 7. gr. Verði ekki fallist á árslaunaviðmið samkvæmt aðalkröfu geti bætur fyrir varanlega örorku aldrei miðað við lægri árslaun en uppreiknuð árslaun stefnanda 2016. Það ár hafi stefnandi verið á batavegi eftir fyrra slys og hafi með skerta vinnufærni getað aflað sér 5.147.090 króna í tekjur. Heilsufar hans hafi átt eftir að taka miklum framförum eftir [...]aðgerð í lok árs 2017 og allt fram til slyssins [...] 2018, þegar hann hafi stefnt á að hefja störf af fullum krafti í eigin rekstri. Hefði hann ekki lent í því hefði hann ekki haft lægri árslaun en árið 2016. Sé sú fjárhæð uppreiknuð miðað við batahvörf út frá launavísitölu samkvæmt 1. mgr. 7. gr., sbr. 29. gr., laga nr. 50/1993, fáið árslaun að fjárhæð 6.011.500 krónur. Þá eigi stefnandi rétt á því að bætt sé við mótfamlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð, 11,5%, sem skili fjárhæðinni 6.702.823 krónum. Sé við það miðað samsvari bætur fyrir varanlega örorku samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga 15.393.703 krónum (6.702.823 x 0,2 x 11,483).

Samkvæmt því sundurliðist varakrafa stefnanda sem hér segir:

Bætur vegna varanlegrar örorku..... kr. 15.393.703,-

Bætur vegna sjúkrakostnaðar..... kr. 527.743,-

Bætur vegna framtíðarsjúkrakostnaðar..... kr. 1.500.000,-

Samtals fyrir frádrátt: kr. 17.421.446,-

Til frádráttar komi:

Innborgun þann 30. mars 2020..... - kr. 324.470,-

Innborgun þann 2. apríl 2020..... - kr. 8.032.830,-

Innborgun þann 26. október 2021..... - kr. 165.000,-

Varakrafa samtals: kr. 8.899.146,-

Kröfur um bætur fyrir varanlega örorku beri vexti eftir 1. mgr. 16. gr. laga nr. 50/1993 frá upphafsdegi metinnar örorku samkvæmt matsgerð, 8. febrúar 2019. Varðandi kröfu um dráttarvexti vísist til 1. mgr. 6. gr. vaxtalaga nr. 38/2001. Upphafstími dráttarvaxta miðist við 18. nóvember 2021, sbr. 9. gr. sömu laga, en bótakrafan í þessari mynd hafi verið send stefnda 18. október 2021, þar á meðal vegna sjúkrakostnaðar. Af fjárhæð framtíðarsjúkrakostnaðar sé dráttarvaxta krafist frá og með málshöfðunardegi, sbr. 4. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2001.

Í samræmi við dómvenju í gjafsóknarmálum og skilyrði gjafsóknarleyfis sé þess krafist að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda málskostnað, þar með talið að tekið sé tillit til virðisaukaskatts, enda sé stefnandi ekki virðisaukaskattsskyldur og þurfi því að fá dóm fyrir skatti þessum úr hendi stefnda. Krafa um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, einkum 129. og 130. gr., og XX. kafla laganna, um gjafsókn. Krafa um virðisaukaskatt á málflutningsþóknun styðjist við lög nr. 50/1988.

Stefnandi vísi til meginreglna skaðabótaréttarins og til skaðabótalaga nr. 50/1993 í heild sinni, einkum 1.–9. gr., auk 15. og 16. gr. Jafnframt vísi stefnandi til umferðarlaga nr. 50/1987, einkum til XIII. kafla, en einnig til laganna í heild sinni. Þá sé vísað til laga nr. 30/2004 um váttryggingarsamninga í heild sinni. Auk þess vísi stefnandi til reglna stjórnarskrár Íslands nr. 33/1944 um vernd eignarréttar og laga nr. 62/1994 um mannréttindasáttamála Evrópu. Um aðild vísist til III. kafla laga nr. 91/1991, einkum 16. gr. og 4. mgr. 17. gr. laganna, og til 92. gr. laga nr. 50/1987. Varnarþing byggist á 1. mgr. 33. gr. laga nr. 91/1991.

Málsástæður og lagarök stefnda

Stefndi kveður ágreiningslaust að niðurstaða matsmanna um afleiðingar slyss stefnanda sé rétt og að annað mat hafi ekki verið gert. Á matinu sé byggt við útreikning skaðabóta til stefnanda, sem hann hafi fengið greiddar annars vegar 1. apríl 2020 og hins vegar 22. október 2021. Líkamstjón stefnanda vegna umferðarslyss [...] 2018 sé því að fullu bætt, hann eigi ekki rétt á frekari skaðabótum úr hendi stefnda og því beri að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Ágreiningur aðila snúist um það hvað sé rétt árslaunaviðmið samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 við útreikning á skaðabótum fyrir varanlega örorku stefnanda í kjölfar slyssins þann [...] 2018, auk kostnaðarliða. Stefndi telji að styðjast beri við meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga um meðalatvinnutekjur stefnanda síðustu þrjú almanaksár fyrir slys, vegna kröfu um greiðslu skaðabóta fyrir varanlega örorku. Upplýsingar frá ríkisskattstjóra, sem fram komi í örorkumati og skattframtölum, beri með sér að tekjurnar hafi verið undir lágmarksviðmiði 3. mgr. 7. gr. og því beri að miða við

lágmarkslaun þeirrar málsgreinar, svo sem gert hafi verið við uppgjör, dags. 1. apríl 2020. Ágreiningslaust sé að greiðslan til stefnanda sé að rétttri fjárhæð miðað við 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga.

Ósannað sé að aðstæður tjónþola fyrir slys hafi verið óvenjulegar í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Tjónþoli sem haldi öðru fram beri sönnunarbyrðina fyrir öllum þáttum kröfu sinnar. Stefnanda beri því að sanna að aðstæður hans á viðmiðunartímabili hafi verið óvenjulegar. Honum beri einnig að sanna hver sé þá réttur mælikvarði fyrir líklegar framtíðartekjur hans. Hvorugt sé sannað í máli þessu.

Ákvæði 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé undantekning frá meginreglu 1. mgr. 7. gr. sömu laga, svo sem skýrt komi fram í greinargerð með frumvarpi að breytingarlögum nr. 37/1999, þar sem 7. gr. skaðabótalaga hafi verið breytt í núverandi horf. Þar sé því lýst svo að nánast þurfi að vera unnt að staðfesta með óyggjandi hætti að breytingar á tekjusögu tjónþola til framtíðar blasi við til þess að beita megi undantekningarreglunni. Það hafi ekki verið gert í máli þessu. Tekjur stefnanda hafi verið stopular frá árinu 2012 og engin gögn hafi verið lögð fram sem styðji þá staðhæfingu hans að tekjur hans hefðu orðið hærri en þær voru á viðmiðunartímabilinu ef slysið hefði ekki orðið. Launatekjur stefnanda árin 2012–2017 séu tilgreindar í matsgerð. Þær hafi verið 230.046 krónur árið 2012, 1.427.232 krónur árið 2013, 1.877.063 krónur árið 2014, 2.688.501 króna árið 2015, 5.017.268 krónur árið 2016 og 1.219.571 króna árið 2017.

Matsmenn taki sérstaklega fram að stefnandi hafi ekki verið fær um að sinna nema 85% starfshlutfalli eftir slysið árið 2012 og í framtíðinni. Skattframtöl eða útskrift úr staðgreiðsluskrá hafi ekki verið lögð fram með stefnu, en stefnandi hafi kosið að leggja fram með stefnu málsins ýmis læknisfræðileg gögn, samtals 34 skjöl, auk örorkumats. Í mörgum af þessum gögnum sé þess getið að stefnandi eigi og hafi átt við alvarlegan [...] að stríða og hafi farið a.m.k. tvívegis í [...]. Misjafnlega mikið sé fjallað um þessi veikindi hans. Í komunótu á bráðamóttöku, dags. [...] 2017, sé lýst alvarlegum [...], sem gögn málsins beri ekki með sér að stefnandi hafi unnið bug á. Alvarleg [...] hafi áhrif á aflahæfi til framtíðar, sérstaklega hafi ekki unnist sigur í baráttunni við sjúkdóminn með varanlegum hætti. Ekki sé unnt að horfa framhjá þeirri staðreynd að atvinnusaga stefnanda kunnri að hafa litast af þessum sjúkdómi árin fyrir slysið, sem og í framtíðinni, óháð slysinu. Það hafi í dómaframkvæmd haft áhrif á mat á kröfu sem gerð sé samkvæmt 2. mgr. 7. gr.

Ekki sé um það að ræða að stefnandi hafi verið að skipta um starfsvettvang eða að ljúka námi eða að aðrar þær breytingar hafi verið byrjaðar eða yfirvofandi að það réttlæti beitingu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Atvinnusaga stefnanda hafi þýðingu við mat á því hvort fullsannað teljist að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi hafi ekki uppfyllt þær sönnunarkröfur sem á honum hvíli og atvinnusaga hans fyrir slys sé ekki með þeim hætti að líklegt

sé að dómkröfur hans gefi rétta mynd. Miðað við þær upplýsingar sem fyrir liggi um launatekjur stefnanda virðist þær tekjur sem dómkrafa stefnanda byggist á vera rúmlega fjórföldun á þeim launatekjum sem stefnandi hafi að meðaltali haft á viðmiðunartímabilinu síðustu þrjú almanaksár fyrir slys. Ráðið verði af tilgreiningu á launagreiðendum í matsgerð og skattframtölum að þau ár hafi hann starfað við [...], [...] eða í [...]. Í stefnu sé ekki útskýrt hvers vegna óbreytt atvinnuþátttaka, ef slysið hefði ekki komið til, hefði átt að leiða til þrefalt hærri tekna. Stefnandi sé ekki menntaður [...] eða [...], og kveðst hafa farið beint út á vinnumarkaðinn í kjölfar útskriftar úr grunnskóla. Sú staðhæfing sem fram komi í tölvupósti til stefnda frá 18. október 2021, um að stefnandi sé *menntaður og reyndur [...]*, sé því röng. Ekki sé hægt að byggja á því að óvenjulegar aðstæður hafi verið fyrir hendi á þeim grundvelli að slík menntun hefði hækkað tekjur stefnanda nema menntunarinnar hafi raunverulega verið aflað. Svo sé ekki í þessu máli.

Það sé ítarlega rakið í stefnu að stefnandi kveði sig *ávallt hafa ætlað að klára raunfærnimat á sviði [...] og [...]* en hann hafi ekki látið verða af því af heilsufarsástæðum. Engin gögn hafi þó verið lögð fram um þessar fyrirætlanir, hvorki gögn sem renni stoðum undir að þær hafi verið raunverulegar né gögn sem bendi til þess að slys stefnanda hafi hindrað hann sérstaklega að því leyti. Í dómaframkvæmd hafi beitingu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga verið hafnað þó að tjónþoli hafi aflað sér sérstakrar menntunar eða starfsréttinda á tilteknu sviði hafi hann ekki nýtt sér þá sérhæfingu eða menntun til þess að afla hærri tekna á viðmiðunartímabili 1. mgr. sömu greinar, og ekki sé útlit fyrir að hann hyggist gera það í náinni framtíð. Líkur séu þá ekki taldar standa til þess að meðaltekjur fagstéttarinnar gefi raunsanna mynd af líklegum framtíðartekjum tjónþola. Þrátt fyrir svigrúm til þess að byggja beitingu 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga á menntun, sem hafi af einhverjum ástæðum ekki nýst á viðmiðunartímabili, sé ekki undir nokkrum kringumstæðum hægt að fallast á það að beiting undantekningarreglunnar verði byggð á menntun sem óumdeilanlega sé ekki fyrir hendi.

Í dómaframkvæmd sé við mat á kröfu aðila í námi á grundvelli 2. mgr. 7. gr. litið til framgangs tjónþola í námi á slysdegi og að hann þurfi að hafa verið kominn svo langt á veg í námi sínu að námslok séu fyrirséð. Sönnunarbyrðin um slíka námsframvindu og fyrirséð námslok sem hefðu áhrif á tekjur tjónþola til frambúðar hvíli alfarið á tjónþola sjálfum. Huglægt og persónulegt mat stefnanda, um það að ef hann hefði klárað það raunfærnimat sem hann haldi fram að hann hafi ætlað sér að þreyta hefði hann verið talinn hafa lokið *um 70%* af námi á sviði [...] og [...], sé engum gögnum stutt og nægi ekki til að unnt sé að fallast á kröfur hans. Stefnandi hafi ekki lokið raunfærnimatinu þótt hann kveðist hafa unnið við fagið árum saman. Hugleiðingar um mögulega niðurstöðu úr slíku mati hafi enga þýðingu við mat á því hvort fyrirhugaðar hafi verið breytingar á tekjuöflunarmöguleikum hans á slysdegi, en um það liggi engin gögn fyrir. Sönnunarbyrðin um það að námslok séu fyrirséð hvíli á stefnanda og ekki nægi að sýna

fram á að hafa lokið tilteknum hluta náms, sem ekki hafi verið gert hér, heldur einnig að raunveruleg fyrirætlan hafi verið sú að ljúka umræddu námi. Ekki nægi að slíkt hafi verið fræðilega mögulegt. Tjónþoli hafi ekki axlað þessa sönnunarbyrði og því sé ekki unnt að fallast á beitingu 2. mgr. 7. gr.

Ósannað sé að það árslaunaviðmið sem aðalkrafa stefnanda byggist á gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi beri fulla sönnunarbyrði fyrir því að annar mælikvarði en sá sem uppgjör stefnda byggðist á sé réttari. Tjón stefnanda sé að fullu bætt og hann eigi ekki frekari kröfur á hendur stefnda.

Aðalkrafa stefnanda byggist á þeirri fullyrðingu að stefnandi *hefði að lágmarki verið með kr. 800.000,- í laun á mánuði hefði hann unnið við starfið hjá öðru [...]fyrirtæki*. Í stefnu eða gögnum málsins sé ekki gerð tilraun til að renna stoðum undir þá fjárhæð og engin gögn liggi fyrir í málinu sem gefi vísbendingu um grundvöll þeirrar fullyrðingar. Aðeins sé tekið fram að um fámenna starfsstétt sé að ræða og því séu ekki til opinber gögn um meðaltekjur [...].

Aðalkrafa stefnanda sé vanreifuð og byggist ekki á staðreyndum. Hann hafi aldrei samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum haft 800.000 krónur í mánaðarlaun frá árinu 2012, heldur hafi meðalmánaðarlaun hans frá árinu 2012 til ársins 2017 samkvæmt gögnum verið 173.051 króna, en ekki liggi fyrir gögn frá því fyrir þann tíma. Aðalkrafa stefnanda feli í sér rúmlega fjórföldun á þeim mánaðarlaunum sem stefnandi hafi að meðaltali haft síðustu sex almanaksár fyrir slys, en við það bætist að matsmenn sem mátu stefnanda til örorku fullyrði að hann hefði ekki geta stundað fulla vinnu eftir slysið 2012, heldur aðeins 85% starf. Mikilvægt hefði verið fyrir stefnanda að sýna fram á það með óyggjandi hætti á hvaða rökum aðalkrafa hans sé reist í stað þess að fullyrða að í raun séu engin gögn tiltæk sem stutt geti kröfuna. Augljósan skort á gögnum í þessum efnunum beri að meta stefnanda í óhag. Framlagning nýu launaseðla ótengdra aðila sem vinni í sömu starfsstétt sanni ekki framtíðartekjur stefnanda í skilningi 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Hvað aðrir aðilar hafi haft í laun á tilteknu tímabili sem launþegar, jafnvel þótt þeir hafi starfað hjá eða með stefnanda, geti ekki verið grundvöllur fjárhæðar viðmiðunarlauna sem unnt sé að leggja til grundvallar dómkröfu stefnanda. Slík gögn hafi almennt ekki nægt til sönnunar í málum af þessu tagi.

Sérstök atvik og aðstæður sem tengjast stefnanda valdi því að ósannað teljist, jafnvel þótt líta ætti til staðgöngulauna, að atvinnusaga stefnanda til framtíðar hefði orðið með þeim hætti. Handvaldir launaseðlar, sem virðist vera vegna [...] og [...], séu allir, nema tveir þeir lægstu, dagsettir í vetrarmánuðum og miði við mismunandi taxta, en grunnlaun frá 271.000 krónum til 403.000 króna. Enginn þeirra launþega hafi haft nálægt 800.000 krónum í grunnlaun, en yfirvinnutímar séu allt frá 40 stundum til 95 stunda á mánuði. Stefnandi hafi eftir fyrra slysið aðeins getað unnið í 85% starfshlutfalli og við

það bætast langvarandi fjarvistir hans frá vinnu, að því er virðist vegna [...]. Umræddir launaseðlar geti ekki rennt stöðum undir aðalkröfu stefnanda og ekki liggi fyrir hverjir hafi fengið laun samkvæmt þeim, hvaða menntun eða starfsreynslu þeir hafi, hvort störf þeirra séu sambærileg þeim störfum sem stefnandi hafi sinnt og hvort laun hafi yfir höfuð verið greidd samkvæmt launaseðlunum. Ekki sé unnt að ganga út frá því að nýstofnað fyrirtæki stefnanda hefði gengið þannig að unnt hefði verið að greiða honum þau laun sem hann byggi aðalkröfu sína á.

Engar breytingar hafi verið fyrirsjáanlegar á því hvernig stefnandi hugðist nýta aflahæfi sitt, hann hafi ekki verið að skipta um starfssvið eða starfsvettvang og hafi ekki verið í námi. Hann hafi ekki verið í fullri vinnu árið 2017 og hafi aðeins haft 1.219.571 krónu í launatekjur það ár, en hafi jafnframt fengið greiðslur frá [stéttarfélagi], Vinnumálastofnun, [fagfélagi] og Sjúkratryggingum Íslands. Ekki liggi fyrir hvers vegna réttur stefnanda hafi staðið til þeirra greiðslna árið áður en hann slasaðist. Ljóst sé að hann hafi ekki getað stundað 100% vinnu þá og að vinnufærni hans hafi verið verulega skert fyrir umferðarslysið árið 2018. Langsótt sé því að halda því fram að hann hefði getað stundað fulla vinnu til framtíðar eða að líklegar framtíðartekjur hans hefðu getað orðið 800.000 krónur á mánuði, hefði hann ekki lent í slysinu.

Stefnandi haldi því fram að hann hafi verið kominn með stór verkefni á vegum nýstofnaðs fyrirtækis skömmu fyrir slysið, en engra gagna nýtur við um þessi verkefni eða verkefnastöðu þess félags yfir höfuð. Ekki verði á því byggt til stuðnings launaviðmiði hans. Stefnandi hafi lagt fram skjal þar sem fram komi að árangurslaus fjárnám hafi verið gerð fimm sinnum hjá stefnanda á tímabilinu frá [...] 2017 til [...] 2019. Gögn bendi ekki til þess að hann hafi haft stór verkefni í fyrirtæki sínu og væntar tekjur í samræmi við það, heldur gefi þau til kynna að stefnandi hafi verið í fjárhagsvandræðum fyrir og eftir umferðarslysið. Málsástæður stefnanda um orsakatengsl milli slyssins og fjárhagsörðugleika hans eigi sér ekki stoð í gögnum málsins.

Meginregla skaðabótaréttar sé að tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjóni sínu, og markmiðið með skaðabótum sé að gera tjónþola eins settan og ef slys hefði ekki orðið. Uppgjör, dags. 1. apríl 2020, hafi verið fullnaðaruppgjör milli aðila. Meginreglan sé sú að fyrirvaralaust fullnaðaruppgjör kröfu eða kröfubátta leiði til þess að viðbótarkrafa vegna sama atviks eða sömu skuldaskipta verði ekki höfð uppi eftir það. Sá fyrirvari hafi verið gerður við það af hálfu stefnanda, um hvaða viðmiðunarlaun ætti að nota við útreikning varanlegrar örorku hans, að miða hefði átt við laun stefnanda árið 2016. Stefnandi hafi notið lögmannsaðstoðar við uppgjórið og hefði verið í lófa lagið að gera skýran fyrirvara um að viðmiðunarlaun hans á mánuði við útreikning varanlegrar örorku ættu að vera 800.000 krónur í stað þess sem byggt var á. Málsástæðum stefnanda um að hann hefði haft 800.000 krónur í mánaðarlaun til framtíðar sé mótmælt sem ósonnuðum.

Stefndi hafni og mótmæli kröfu stefnanda um sjúkrakostnað og kröfu um framtíðarsjúkrakostnað fyrir sjúkraþjálfun að fjárhæð 1.500.000 krónur. Enginn fyrirvari hafi verið gerður við uppgjörið um þessa þætti, auk þess sem ósannað sé að stefnandi hefði sótt sér sjúkraþjálfun í samræmi við þessa fjárhæð. Krafan sé ekki studd gögnum heldur sé hún byggð á huglægu mati stefnanda. Matsmenn rökstyðji ekki í matsgerð hvers vegna stefnandi þurfi á sjúkraþjálfun að halda í framtíðinni, hversu oft í viku, eða mánuði eftir atvikum, eða hversu lengi þörf sé á slíkri endurhæfingu. Ekki hafi verið tekið tillit til þess við þessa kröfugerð að stefnandi hafi ákveðið hagræði af því að fá kostnaðarlið þennan greiddan fyrirfram í einu lagi. Þá liggi ekkert fyrir um það hver greiðsluþátttaka hins opinbera sé í slíkum kostnaði til framtíðar. Þá liggi heldur ekki fyrir að stefnandi hafi farið í sjúkraþjálfun eftir að fjártjón hans hafi verið gert upp 1. apríl 2020. Engir reikningar hafi verið lagðir fram um greiðslu stefnanda fyrir sjúkraþjálfun eftir fyrrgreint tíma- mark. Stefnandi hafi þó verið í sjúkraþjálfun fyrir slysið vegna einkenna vegna fyrra slyss, en hafi ekki sinnt þeirri endurhæfingu sem skyldi. Í niðurstöðu grunnmats frá 14. maí 2019 segi: *Hefur verið í meðferð hjá [...] sjúkraþjálfara en ekki mætt nógu vel undanfarið.* Fáir stefnandi bætur til framtíðar fyrir sjúkraþjálfun, eins og krafist sé, og mæti síðan ekki í til þjálfunar sé hann í raun að fá skaðabætur fyrir fjártjón sem hann eigi ekki kröfu til, í andstöðu við þá meginreglu skaðabótaréttar að tjónþoli eigi ekki að hagnast á tjóni sínu. Auk þess sé tjón hans að þessu leyti að fullu bætt.

Að því er varðar kostnað vegna matsgerðar sé til þess að líta að þar hafi bæði verið metnar afleiðingar slyss sem stefnandi varð fyrir árið 2012 og þess slyss sem hér um ræði, en stefndi beri einungis bótaskyldu vegna síðara slyssins en ekki þess fyrra. Því beri stefnda ekki að greiða nema helming heildarkostnaðar vegna matsins og sé sá kostnaður að fullu greiddur.

Að því er varði varakröfu stefnanda sé ósannað að það árslaunaviðmið sem hún byggist á gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum hans en lágmarkslaunaviðmið 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Stefnandi beri sönnunarbyrði fyrir því að annar mælikvarði á framtíðartekjur hans sé réttari en sá sem stefndi hafi lagt til grundvallar við uppgjör skaðabóta til hans.

Varakrafan byggist á launum stefnanda árið 2016 og geri ráð fyrir margfalt hærri mánaðarlaunum en stefnandi hafi haft í þrjú ár fyrir slysið. Stefnandi virðist hafa fengið laun frá félaginu E ehf. á árinu 2016, en aðeins það eina ár, og hann hafi ekki starfað hjá því félagi þegar hann slasaðist. Launaseðlar liggi ekki fyrir eða hvernig vinnuframlag stefnanda 2016 skiptist á milli mánaða og innan mánaðar, hvort hann hafi verið í hlutastarfi eða fullu starfi, hvort hann hafi unnið yfirvinnu og þá hve mikla í hverjum mánuði. Ekki sé hægt að leggja tekjur sem hann fékk frá því félagi í eitt ár, tveimur árum fyrir slysið, til grundvallar framtíðartekjum hans. Tekjur stefnanda árið 2016 séu því ekki réttur mælikvarði á framtíðartekjur hans.

Þá hafi hann fengið greidda sjúkradagpeninga árin 2014–2016 og hafi því ekki haft fulla vinnugetu á þessum árum og þegar hann lenti í slysinu. Því sé mótmælt að slíkar greiðslur geti talist til tekna við útreikning viðmiðunarlauna. Einnig sé útreikningi um 11,5% mótframlags atvinnurekanda í lífeyrissjóð mótmælt. Árið 2016 hafi lífeyris-mótframlagið aðeins verið 8,25% og því væri rétt og eðlilegt, miðað við dómaframkvæmd, að miða við það mótframlag.

Stefnandi hafi árið 2015 unnið hjá félaginu [...] og virðist hafa starfað þar sem [...] eða við [...]. Það bendi til þess að hann hafi ekki verið búinn að marka sér ákveðinn farveg á vinnumarkaði við [...] til framtíðar. Ekki sé upplýst hvort þau störf eða verkefni sem hann sinnti árið 2016 fyrir félagið E ehf. hafi verið að einhverju leyti sambærileg þeim störfum eða verkefnum sem hann kveðst hafa ætlað að sinna í eigin rekstri, sem hann hafi verið búinn að leggja drög að er slysið varð, og hafa átt í vændum stór verkefni. Engra gagna njóti um þessi verkefni eða hvort eða hvernig undirbúningi undir sjálfstæðan rekstur hafi verið háttað þegar slysið varð. Ósannað sé að hann hafi haft slíka verkefnastöðu, en fyrir liggi að hann hafi átt í greiðsluferfiðleikum, fyrir og eftir slysið.

Grundvöllur varakröfu stefnanda sé óljós og hann beri hallann af þeirri óvissu. Engar haldbærar skýringar hafi verið gefnar á því hvers vegna tekjur stefnanda árið 2016 þyki gefa raunsannari mynd af líklegum framtíðartekjum stefnanda en tekjur hans árin 2017 eða 2015. Laun áranna á undan séu einnig undir lágmarkslaunum 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Eingöngu sé byggt á því í stefnu að ástæða tæplega 80% launalækkunar stefnanda milli þessara tveggja ára sé [...]aðgerð sem hann hafi undirgengist árið 2017, en hún hafi þó verið gerð undir lok ársins 2017. Ósannað sé að tekjur stefnanda árið 2016 geti gefið betri mynd af líklegum framtíðartekjum hans en meðaltekjur hans á viðmiðunartímabili 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Hærri tekjur á einu ári viðmiðunartímabilsins en öðrum geri það ekki sjálfkrafa að verkum samkvæmt dómaframkvæmd að óvenjulegar aðstæður í skilningi 2. mgr. 7. gr. laganna séu fyrir hendi og ósannað sé að skilyrðum ákvæðisins sé fullnægt. Séu þrjú almanaksár fyrir slys metin, og jafnvel ef tekin séu með í reikninginn fimm almanaksár fyrir slys, stingi árið 2016 í stúf við öll hin árin þar sem tekjur hans hafi eingöngu verið brotabrot af tekjum ársins 2016. Ástæður þess hafi ekki verið skýrðar en af gögnum málsins megi ráða að [...]sjúkdómur stefnanda virðist hafa haldið honum frá vinnu. Undir þeim kringumstæðum sé það stefnanda að sanna af hvaða ástæðu eigi að víkja frá skilyrðum grunnreglu 1. mgr. 7. gr. og fallast á laun samkvæmt 2. mgr. 7. gr. Sú sönnun hafi ekki tekist. Fyrirliggjandi gögn beri ekki með sér að ætla megi að stefnandi hefði framvegis notið hærri tekna en bótagreiðslur til hans hafi miðað við.

Stefnandi hafi verið [...] ára á tjónsdegi og hafi verið lengi á vinnumarkaði, allt frá útskrift úr grunnskóla. Engin gögn liggi fyrir um störf hans og laun utan þess sem fram komi í matsgerð og skattframtölum eða um það hvernig hann hafi ráðstafað aflahæfi

sínu þó að hann eigi langa atvinnusögu að baki. Ekkert gefi tilefni til að ætla að löng atvinnusaga hans feli í sér rökstuðning fyrir því að laun vegna ársins 2016 gefi rétta mynd af framtíðartekjum hans. Nauðsynlegt sé við mat á réttmæti kröfu samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga að líta til þess hvernig menn hafa ráðstafað aflahæfi sínu á langri atvinnusögu.

Stefnandi hafi ekki sýnt fram á það með viðhlítandi hætti að þær aðstæður hafi verið fyrir hendi að ákvarða eigi bætur hans samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Byggja beri á meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga og þar sem laun stefnanda þrjú almanaksár fyrir slyss hafi ekki náð lágmarkslaunum skaðabótalaga beri að byggja á þeim, sbr. 3. mgr. 7. gr. Tjón stefnanda hafi verið að fullu bætt að lögum með þeim uppgjörum sem fyrir liggja í málinu. Því beri að sýkna stefnda. Komi til þess að kröfur stefnanda verði teknar til greina að einhverju leyti sé þess krafist að að dráttarvextir verði dæmdir frá dómsuppsögu, vegna vanreifunar stefnanda á fjárkröfu sinni og grundvelli hennar.

Um lagarök sé einkum vísað til meginreglna skaðabótaréttar og skaðabótalaga nr. 50/1993. Krafa um málskostnað styðjist við XXI. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

Niðurstaða

Í máli þessu er deilt um uppgjör skaðabóta vegna afleiðinga slyss sem stefnandi varð fyrir [...] 2018 og óumdeilt er að stefndi beri bótaábyrgð vegna slyssins. Ágreiningur aðila snýst í fyrsta lagi um það hvort árslaun til ákvörðunar bóta fyrir varanlega örorku samkvæmt 7. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 skuli fara að meginreglu 1. mgr., sbr. 3. mgr., greinarinnar eða hvort beita skuli undantekningarreglu 2. mgr. hennar og meta árslaun sérstaklega. Þá krefst stefnandi þess að stefndi greiði kostnað vegna matsgerðar að fullu, auk bóta vegna sjúkraþjálfunar í framtíðinni. Hvoru tveggja mótmælir stefndi.

Í gögnum málsins kemur fram að stefnandi hefur um árabíl glímt við vanheilsu og f[...], auk [...] og [...], og atvinnuþátttaka hans verið stopul. Í skýrslu sinni fyrir dómi kvaðst stefnandi hafa farið í sína þriðju [...] árið 2017 og aðeins einu sinni hafa [...]. Í gögnum frá VIRK og í skýrslu stefnanda fyrir dómi kemur fram að hann hafi, áður en hann lenti í fyrra slysi árið 2012, unnið ýmis störf, við [...], [...], [...] og verið [...]. Hann kvaðst fyrir dómi hafa farið í skóla í [...], en ekki hafa náð að klára. Þá kvaðst hann hafa stofnað verktakafyrirtæki við [...] þegar síðara slysið varð [...] 2018. Þáverandi eiginkona hans og ófaglærðir starfsmenn hafi unnið hjá fyrirtækinu þar til þau hafi gefist upp á rekstri þess. Í málinu leggur stefnandi fram nokkra launaseðla frá fyrirtækinu [...] slf., kt. [...], en ekki liggur hvaða launamenn þeir launaseðlar varða. Þá liggja ekki fyrir frekari upplýsingar um rekstur þess fyrirtækis eða verkefni. Félag stefnanda, D ehf., kt. [...], var stofnað/skráð hjá Skattinum [...] 2020, en félagið var tekið til gjaldþrotaskipta með úrskurði [...] 2021.

Samkvæmt gögnum málsins voru atvinnutekjur stefnanda 230.046 krónur árið 2012, 1.427.232 krónur árið 2013, 1.877.063 krónur árið 2014, 2.688.501 króna árið 2015, 5.017.268 krónur árið 2016 og 1.219.571 króna árið 2017. Árið 2018 hafði stefnandi engar atvinnutekjur, en slysið varð þann [...] það ár. Árið 2019 hafði stefnandi engar atvinnutekjur, en árið 2020 fékk hann greiddar 440.000 krónur frá eigin félagi, D ehf., en hann hafði engar aðrar atvinnutekjur það ár. Árin 2021 og 2022 hafði stefnandi engar atvinnutekjur.

Við ákvörðun árslauna samkvæmt meginreglu 1. mgr. 7. gr. skaðabótalaga ber að leggja til grundvallar meðalatvinnutekjur stefnanda að meðtöldu framlagi vinnuveitanda til lífeyrissjóðs þrjú síðustu almanaksárin fyrir þann dag er tjón varð, leiðrétt samkvæmt launavísitölu til batahvarfa. Samkvæmt þessu átti að nota sem grundvöll við ákvörðun árslauna stefnanda atvinnutekjur hans árin 2015, 2016 og 2017. Óumdeilt er að meðalatvinnutekjur stefnanda þessi ár voru lægri en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna og felur beiting meginreglunnar því í sér að miða beri árslaun stefnanda við þau lágmarkslaun. Stefnandi fékk greiddar skaðabætur á þeim grundvelli og byggir stefndi á því að örorkutjón stefnanda hafi þar með verið að fullu bætt.

Stefnandi krefst þess að við uppgjör bóta til hans fyrir varanlega örorku vegna slyssins skuli vikið frá meginreglunni og árslaun metin sérstaklega samkvæmt 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Byggir stefnandi aðallega á því að bætur skuli miðast við 800.000 króna mánaðarlaun, sem gefi réttari mynd af líklegum framtíðartekjum hans en lágmarkslaunin. Til vara krefst stefnandi þess að árslaun til útreiknings bóta miðist við þær tekjur sem hann aflaði á árinu 2016.

Stefnandi hefur sönnunarbyrði fyrir því að fullnægt sé skilyrðum 2. mgr. 7. gr. skaðabótalaga til þess að ákveða árslaun sérstaklega. Þau skilyrði eru í meginatriðum tvenns konar, sbr. t.d. dóma Hæstaréttar í málum nr. 70/2017, 71/2017 og 17/2023. Annars vegar að fyrir hendi séu óvenjulegar aðstæður og hins vegar að ætla megi að annar mælikvarði sé réttari á líklegar framtíðartekjur hans en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. laganna.

Að því er varðar skilyrðið um óvenjulegar aðstæður vísar stefnandi til þess að viðmiðunarárin 2015–2017 hafi hann búið við skerta vinnugetu vegna afleiðinga slyss á árinu 2012. Bataferlinu hafi lokið með [...]aðgerð í nóvember 2017, en eftir það hafi hann verið að auka í sífellu við atvinnuþátttöku sína. Það fær stoð í matsgerð að stefnandi hafi búið við skerta vinnugetu eftir fyrra slysið og var hann aðeins talinn hafa haft 85% vinnugetu þegar seinna slysið varð. Í matsgerð er [meinið] sem gert var að í nóvember 2017 ekki talið vera afleiðing fyrra slyssins. Ekki er að sjá að atvinnuþátttaka stefnanda hafi aukist eftir [...]aðgerðina, svo sem hann heldur fram. Slysið varð tæpu ári eftir aðgerðina, [...] 2018, en allt það ár hafði hann engar atvinnutekjur. Stefnandi bjó varanlega við skerta vinnugetu eftir fyrra slyss, sem varð [...] 2012, og verður því ekki

séð að aðstæður hans hafi verið óvenjulegar að því leyti á þriggja ára viðmiðunartímabilinu eða þegar seinna slysið varð 2018. Með hliðsjón af því sem að framan er rakið um atvinnusögu og tekjusögu stefnanda á árunum frá 2012 til 2022 verða aðstæður stefnanda að því er varðar atvinnuþátttöku eða tekjur á viðmiðunarárunum 2015, 2016 og 2017, ekki taldar óvenjulegar með þeim hætti að tekjur hans hafi þá verið óvenjulega lágar í samanburði við árin á undan þeim og á eftir. Af tekjusögu stefnanda á þessu 11 ára tímabili sést að hæstar atvinnutekjur hafði hann einmitt árið 2016.

Aðalkrafa stefnanda byggist á því að réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga sé sá að miða við að hann hefði haft árslaun að fjárhæð 9.600.000 krónur, sem að viðbættu 11,5% mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð væru 10.704.000 krónur á ári. Kveðst hann telja að ef hann hefði unnið hjá öðrum við [...] hefði hann haft að lágmarki 800.000 krónur í tekjur á mánuði. Við mat á því hvort skilyrðinu um að önnur laun en lágmarkslaun séu réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur stefnanda verður fyrst og fremst að líta til atvinnuþátttöku hans og launatekna. Fram er komið að stefnandi, sem verið hefur á vinnumarkaði frá því að hann lauk grunnskóla, hefur meðal annars unnið við [...], en samkvæmt fyrrgreindri tekjusögu hans hefur hann þó aldrei haft af því svo háar tekjur sem hann miðar hér við. Við ákvörðun bóta fyrir varanlega örorku verður samkvæmt dómaframkvæmd ekki stuðst við almenna mælikvarða, svo sem kjarakönnun meðal félagsmanna í tiltekinni starfsgrein, og kemur ekki til álita að styðjast við þau gögn sem stefnandi styður kröfu sína við og sýna eiga laun ýmissa annarra ófaglærðra aðila við [...]. Þaðan af síður er unnt að leggja til grundvallar í máli hans þau árslaun sem byggjast eingöngu á ætlan hans um verðmæti eigin vinnuframlags, en á stefnanda hvílir sönnunarbýrðin um réttmæti slíks mælikvarða á líklegar framtíðartekjur sínar.

Varakrafa stefnanda byggist á því að rétt sé að miða árslaun við útreikning bóta fyrir varanlega örorku við launatekjur hans á árinu 2016, en það ár hafði hann 5.017.268 krónur í atvinnutekjur. Við uppreiknuð árslaun sín bætir stefnandi 11,5% mótframlagi vinnuveitanda í lífeyrissjóð og miðar kröfu sína við 6.011.500 króna árslaun. Þegar litið er til tekjusögu stefnanda og stopullar atvinnuþátttöku hans, bæði fyrir slysið og eftir það, er augljóst að árið 2016 sker sig mjög úr í samanburði við öll árin 2012–2022 þegar atvinnutekjur hans voru ýmist engar eða mun lægri en árið 2016 og jafnframt lægri en lágmarkslaun samkvæmt 3. mgr. 7. gr. skaðabótalaga. Jafnvel þó að slakað væri á sönnunarkröfum, í samræmi við sjónarmið um fjárhæð lágmarkslauna sem fram koma í dómi Hæstaréttar í máli nr. 17/2023, eru engin efni til að telja að árslaun stefnanda á árinu 2016 sé réttari mælikvarði á líklegar framtíðartekjur hans en árslaun samkvæmt gildandi 3. mgr. 7. gr., sbr. 15. gr., skaðabótalaga.

Að virtu framangreindu hefur stefnandi hvorki sýnt fram á að aðstæður, að því er varðar atvinnuþátttöku eða atvinnutekjur, hafi á viðmiðunarárunum verið óvenjulegar né

sýnt fram á réttari mælikvarða á líklegar framtíðartekjur sínar en lágmarkslaun samkvæmt meginreglu skaðabótalaga. Eru því ekki uppfyllt þau skilyrði sem þarf til að beita undantekningarreglu 2. mgr. 7. gr. laganna. Verður kröfu stefnanda um að fara að því ákvæði því hafnað og þar með kröfu hans um hærra bætur fyrir varanlega örorku.

Stefnandi krefur stefnda jafnframt, á grundvelli 1. mgr. 1. gr. skaðabótalaga, um bætur fyrir annað fjártjón, um greiðslu á 527.743 krónum vegna sjúkrakostnaðar sem felst í greiðslu fyrir matsgerð, dags. 21. febrúar 2020. Af hálfu stefnanda var í matsbeiðni óskað svara við spurningum um afleiðingar vegna annars vegar umferðarslyssins [...] 2018 og hins vegar umferðarslyssins [...] 2012. Matsþolar eru samkvæmt matsgerð tveir, annars vegar stefndi og hins vegar VÍS hf. Stefndi hefur þegar greitt stefnanda útlagðan kostnað vegna matsgerðarinnar að hálfu. Óumdeilt er að stefndi ber ekki bótaábyrgð vegna fyrra slyssins og hafnar því þess vegna að greiða fyrir mat á afleiðingum þess. Stefnandi heldur því fram að nauðsynlegt hafi verið að láta meta hvort einhverja áverka stefnanda á matstíma væri að rekja til fyrra slyss. Í matsgerðinni er ítarleg umfjöllun um afleiðingar hvors slyss um sig og matsspurningum stefnanda um bæði slysin svarað.

Stefnandi aflaði matsgerðarinnar einhliða. Ekki verður séð að samráð hafi verið haft við stefnda um öflun matsins, þar á meðal um nauðsyn þess að matsmenn svöruðu matsspurningum um afleiðingar fyrra slyssins. Þá eru ekki fyrir hendi í málinu upplýsingar um þátttöku hins matsþolans, VÍS hf., í undirbúningi mats eða greiðslu fyrir það. Þegar litið er til alls þessa verður fallist á það með stefnda að honum verði ekki gert að greiða meira en helming útlagðs kostnaðar stefnanda vegna matsgerðarinnar.

Loks krefst stefnandi þess að stefndi greiði honum 1.500.000 krónur vegna þess að samkvæmt matsgerð um afleiðingar slyssins þurfi stefnandi á sjúkraþjálfun að halda í framtíðinni. Í matsgerðinni er ekki að finna skýringar á því að hvaða markmiðum skyldi stefnt með slíkri sjúkraþjálfun eða hversu lengi eftir slysið stefnandi þyrfti á henni að halda. Meðal gagna málsins er beiðni lækni frá 16. janúar 2019 til Sjúkratrygginga Íslands um sjúkraþjálfun fyrir stefnanda og kemur þar fram að stefnandi sé að stífna í öklalið og að hann þurfi gönguþjálfun og teygjur. Samkvæmt grunnmati VIRK, dags. 14. maí 2019, hafði stefnandi verið í meðferð hjá sjúkraþjálfara en hafði ekki mætt nógu vel að undanfögnu.

Stefnandi hefur ekki sýnt fram á að hann hafi sjálfur borið kostnað af þessari sjúkraþjálfun eftir slysið eða að hann hafi haldið henni áfram. Í framburði endurhæfingar- og verkjalækni fyrir dómi kom fram að hann hefði sinnt stefnanda um tíma á árinu 2023. Væri stefnandi hættur [...], [...] og [...] ætti hann möguleika á endurhæfingu í úrræði hjá Hæfi þar sem, auk [...], væri unnt að fá sjúkraþjálfun. Áform stefnanda um mögulega þátttöku í slíkri endurhæfingu eru afar óljós og engar upplýsingar liggja fyrir um það hvaða kostnað það hefði í för með sér fyrir stefnanda. Fjárhæð þessarar fjárkröfu stefnanda er ekki studd neinum gögnum og aðeins þeim rökum að stefnandi telji hana

sanngjarna og ekki úr hófi. Að öllu þessu virtu telst stefnandi ekki hafa sýnt fram á réttmæti kröfunnar og verður stefndi sýknaður af henni.

Samkvæmt því sem hér að framan er rakið verður stefndi sýknaður af öllum kröfum stefnanda í málinu. Eftir atvikum og með vísan til 3. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 þykir þó rétt að málskostnaður falli niður milli aðila.

Stefnanda hefur verið veitt gjafsókn í málinu og samkvæmt því greiðist allur gjafsóknarkostnaður hans úr ríkissjóði, þar með talin þóknun lögmanns hans sem hæfileg er ákveðin án virðisaukaskatts 1.700.000 krónur.

Kristrún Kristinsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan. Fyrir uppkvaðningu dómsins var gætt ákvæða 1. mgr. 115. gr. laga nr. 91/1991.

Dómsorð:

Stefndi, Vörður tryggingar hf., er sýknaður af dómkröfum stefnanda, A.

Málskostnaður fellur niður.

Allur gjafsóknarkostnaður stefnanda, þar með talin þóknun Arnars Vilhjálms Arnarssonar lögmanns, 1.700.000 krónur, greiðist úr ríkissjóði.

Kristrún Kristinsdóttir